RANNSÓKNASTOFNUN
BYGGINGARIÐNAÐARINS
THE ICELANDIC BUILDING RESEARCH INSTITUTE

DAGSETNING/DATE: 3. janúar 1997

TILVÍSUN/REF.: Rb-1
HÓ/sp

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 634
komudagur 6/1 1997

Nefndasvið Alþingis
Þórshamar v/Templarasund
150 Reykjavík

MÁLEFNI: Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga.

Þess var farið á leit í bréfi frá umhverfisnefnd Alþingis dagsettu 1996-12-06 að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gæfi umsögn um gr. 49-55 í frumvarpi til skipulags- og byggingarlaga sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi. Eftirfarandi spurningar hafa vaknað við yfirlestur frumvarpsins:

50. grein
Greinin gerir ráð fyrir að hönnuðir hafi fullnægjandi ábyrgðartryggingar. Er átt við að einstakir hönnuðir hafi tryggingu eða er nægjanlegt að vinnuveitendur þeirra hafi slíka tryggingu? Réttast væri að lögin væru skýr í þessu tilviki og að reglugerð væri ekki notuð til að túlka ákvæðið. Sama á við um skýringu á hvað sé "fullnægjandi" ábyrgðartrygging.

51. grein
Greinin gerir ráð fyrir að umsækjandi hafi "sérhæft" sig á viðkomandi löggildingarsviði. Skilgreina þarf nánar í hverju þessi sérhæfing þarf að vera fólgin. Væntanlega er átt við að viðkomandi hafi starfað á sviðinu og e.t.v.. sótt einhver tilfallandi námskeið. Eðlilegast væri því að krefjast þess að viðkomandi hafi "starfað" á sviðinu og hafi öðlast starfsreynslu eins og kemur fram í greininni. Lagt er til að orðið "starfað" komi í stað "sérhæft" í 3. mgr. greinarinnar.

53. grein
Greinin gerir ráð fyrir að verkfræðingar með "sérmenntun" og löggildingu á viðkomandi hönnunarsviði geti hlotið sérstaka löggildingu ráðherra sem prófhönnuðir, enda hafi þeir minnst sex ára starfsreynslu á "þessu" sviði, þar af minnst eitt ár við eftirlit með framkvæmdum. Ekki er skilgreint hvað átt er við með hugtakinu "sérmenntun". Er átt við að viðkomandi verkfræðingur hafi lokið mastersgráðu á viðkomandi sérsviði eða er einhver önnur skilgreining á hugtakinu?

Lagt er til að gerð verð krafa um að aðeins verkfræðingar með mastersgráðu eða amk. sambærilegt próf geti fengið löggildingu sem prófhönnuðir. Með þessari kröfu eru minni líkur á að gera þurfi kröfu um að viðkomandi gangist undir sérstakt próf og því e.t.v.. nægjanlegt að gera sérstaklega grein fyrir sinni starfsreynslu á viðkomandi sviði. Jafnframt er lagt til að að ekki verði kveðið sérstaklega á um kröfu um vinnu við eftirlitsstörf. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það fyrirkomulag hafi verið tekið upp í nágrannalöndunum að löggiltir prófhönnuðir starfi. Ekki kemur fram um hvaða nágrannalönd er að ræða og gæfi það vissulega betri grunn fyrir umræðu um fyrirkomulagið en almenn tilvísun.

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi:

- Verkfræðingar með mastersgráðu og löggildingu á ákveðnu hönnunarsviði geta hlotið sérstaka löggildingu ráðherra sem prófhönnuðir á því sérsviði, enda hafi þeir minnst sex ára starfsreynslu á sérsviðinu.

- Ráðherra setur nánari reglur um hæfnisskilyrði prófhönnuða, störf þeirra og starfshætti. Setja má það skilyrði að umsækjandi skuli gera sérstaklega grein fyrir starfsferli sínum.

54. grein
Greinin kveður á um hverjir geti orðið byggingarstjórar. Lagt er til að sameina töluliði greinarinnar þannig að gerð verð krafa um að allir þurfi þriggja ára starfsreynslu. Jafnframt þarf að kveða á um hver skuli meta þá starfsreynslu sem krafist er.

Að auki eru gerðar sömu athugasemdir varðandi "fullnægjandi ábyrgðartryggingu" og gerð var við 50. grein frumvarpsins.

> Þarf viðkomandi starfsmaður að bera tryggingu eða er átt við vinnuveitanda hans?
>
> Hvað er fullnægjandi?

55. grein
Greinin kveður á um að iðnmeistarar sem séu starfandi sem meistarar í iðn sinni geti hlotið löggildingu til þess að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum við byggingarframkvæmdir. Þetta er óljóst orðalag. Er gert ráð fyrir að meistari starfi á ábyrgð annars meistara þar til löggilding fæst?

Frumvarpið gerir ráð fyrir að hönnuðir og byggingarstjórar skuli hafa "fullnægjandi ábyrgðartryggingar". Ekki virðist síður þörf á því fyrir almenna neytendur að geta gengið að því sem vísu að iðnmeistarar hafi einnig slíkar tryggingar. Vísað er til greinargerðari um 50. grein með frumvarpinu um að viðskiptavinir þurfi að geta sótt skaðabætur til þeirra aðila sem valdi tjóni með mistökum eða vanrækslu í starfi.

Að lokum er áðursend athugasemd ítrekuð
Hvernig ber að taka á málum ef byggingaryfirvöld (byggingarfulltrúi og/eða byggingarnefnd) í einhverju sveitarfélagi verða uppvís að því að fara ekki eftir ákvæðum laga og reglugerða? Er ekki þörf á því að ráðuneytið hafi yfir að ráða úrræðum gagnvart brotum þessara aðila? Gert er ráð fyrir slíkum úrræðum gagnvart brotum hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara.

Virðingarfyllst,
RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS
Hákon Ólafsson
Hákon Ólafsson,
forstjóri